

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 16. október 2013 kl. 11:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómtúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7 Reykjavík.

Fundinn sat nefndarmaðurinn Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundasambandi voru nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, varamaður Bjarkar Þorsteinsdóttur og Hermann Jón Tómasson.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 26. ágúst 2013. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

ÁRSUPPGJÖR JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA 2012

Endurskoðunarskýrsla lögð fram til kynningar

Lögð var fram til kynningar endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar, dags. 14. október 2013, þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd endurskoðunar sjóðsins vegna ársins 2012, afkomu hans á árinu og fjárhagsstöðu. Jafnframt er í endurskoðunarskýrslunni gerð grein fyrir fjárheimildum og rekstri, innra eftirliti, endurskoðun efnahagsliða, endurskoðun rekstrarliða, þ.e. framlaga sjóðsins og niðurstöðum Ríkisendurskoðunar. Engar athugasemdir eru gerðar af hálfu Ríkisendurskoðunar og er frágangur bókhalds sagður í góðu horfi.

Á grundvelli endurskoðunarinnar var ársreikningur sjóðsins undirritaður með eftirfarandi áritun: „*Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.*“

Ráðgjafarnefndin lýsti yfir ánægju sinni með ársuppgjör Jöfnunarsjóðs 2012 og niðurstöður Ríkisendurskoðunar.

DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2014

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2014. Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundin framlög frá ríki nemi samtals 13.576 m.kr. Viðbótarframlag frá ríki nemur samtals 2.668 m.kr. Þar af eru 1.668 m.kr. vegna samkomulags um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og 1.000 m.kr. vegna aðlögunar að nýju húsnæðisbótakerfi. Áætlað er að 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans nemi 8.046 m.kr. á árinu og 0,95% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra nemi um 10.346 m.kr. Áætlað er að framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna eflingar tónlistarfræðslu mánuðina janúar – ágúst 2014 nemi 347 m.kr. Áætlaðar hreinar vaxtatekjur sjóðsins á árinu nema 128 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2014 nema því samtals 35.111 m.kr.

Í gjaldahlið áætlunarinnar nema bundin framlög samtals 1.644 m.kr., sérstök framlög 7.684 m.kr. jöfnunarframlög 7.000 m.kr., framlög vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar 7.909 m.kr., framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 10.346 m.kr. og framlög til eflingar tónlistarnáms 347 m.kr. Áætlaður rekstrarkostnaður nemur 95 m.kr. Áætluð framlög og rekstrarkostnaður nema samtals 35.111 m.kr. Þar af er óráðstað 86 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2014 væri samþykkt.

Á fundinum kom fram beiðni um að við endurskoðun áætlunarinnar væru tölur síðasta árs birtar til samanburðar.

FRAMLÖG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2014.

Áætlunin er byggð á útreiknuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 3.279,9 m.kr., sbr. frumvarp til fjárlaga 2014.

Samkvæmt reglugerð nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögunum framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi ársins eða 1.967,9 m.kr. Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga er miðaður við álagningastofna sem voru í gildi á árinu 2013 og álagningarhlutföll þess árs. Framlagið er greitt með fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2014.

Við útreikning framlaganna er tekið mið af breytingum á d-lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga frá 28. desember 2012. Með tilvísun til þessa féllu framlögin til Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar, Fljótaldshrepps, Ásahrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps niður frá og með 1. janúar 2013.

Uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí til september 2014 á grundvelli upplýsinga frá Fasteignaskrá Íslands:

- um álagningarstofna miðað við 31. desember 2013
- um afslætti sveitarfélaga á árinu 2014
- um álagningarhlutföll fasteignaskatts á árinu 2014

Við tillögugerð að áætlaðri úthlutun framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2014 til Mosfellsbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps, viku nefndarmennirnir Bryndís Haraldsdóttir, Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

FRAMLÖG VEGNA ALMENNRA HÚSALEIGUBÓTA

Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur 2014

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlanir sveitarfélaga um heildargreiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2014. Sveitarfélögin áætla að greiða samtals 4.571 m.kr. í almennar húsaleigubætur á árinu.

Ráðstöfunarfjármagn og tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli 2014

Áætlað ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á almennum húsaleigubótum á árinu 2014 nemur um 2.968 m.kr. Fjármagnið samanstendur af 11,5% hlutdeild í lögbundna framlaginu frá ríki sem 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs, fjármagni á grundvelli samkomulagsins um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og fjármagni til aðlögunar að nýju húsnæðisbótakerfi.

Á grundvelli ákvæða í 2. gr. reglugerðar, nr. 150/2013, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta og að teknu tilliti til áætlana sveitarfélaga um greiðslur og áætlunar um ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaga vegna bótanna samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að áætlað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2014 næmi 64%. Sá fyrirvari er hafður á samþykkt nefndarinnar að ekki verði um breytingu að ræða á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins á grundvelli fjárlaga 2014.

SÉRSTAKAR HÚSALEIGUBÆTUR

Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur 2014

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlanir sveitarfélaga um heildargreiðslur sérstakra húsaleigubóta á árinu 2014. Sveitarfélögin áætla að greiða samtals um 1.318 m.kr. í sérstakar húsaleigubætur á árinu.

Ráðstöfunarfjármagn og tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli 2014

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 nemur kostnaðarþátttaka ríkissjóðs í greiðslum sérstakra húsaleigubóta 60%. Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á árinu á grundvelli samkomulagsins nemur samtals um 791 m.kr. og nær sú fjárhæð að brúa 60% hlutdeild ríkissjóðs í þeim kostnaði sem hlýst af samkomulaginu.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG 2014

Tillaga að breytingu á 12. gr. reglugerðar nr. 960/2010

Á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 eru viðmiðunarflokkar við útreikning tekjujöfnunarframlag sem hér segir:

- a) Reykjavíkurborg
- b) Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri utan Reykjavíkurborgar
- c) Sveitarfélög með 300 – 11.999 íbúa
- d) Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Hvað útreikning framlagsins á árinu 2014 varðar þarf enn að hækka íbúafjöldaviðmiðið skv. b. lið í a.m.k. 14.000 íbúa ef framlagið á að vera áfram með óbreyttu sniði. Verði það ekki gert verður Garðabær talinn með sveitarfélögum sem hafa 12.000 íbúa og fleiri öðrum en Reykjavíkurborg. Við það eykst jöfnunarpörfin í þeim flokki til muna og framlagið til Reykjanesbæjar hækkar í rúmlega 400 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að hækka íbúafjöldaviðmiðið skv. b. lið í a.m.k. 14.300 þannig að framlagið verði áfram með óbreyttu sniði.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu grunnskólans á árinu 2014.

Á grundvelli áætlunarinnar nema tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars á tímabilinu desember 2013 til nóvember 2014 samtals 8.046 m.kr.

Í gjaldahlið áætlunarinnar kemur fram að framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda nemi samtals um 1.983 m.kr., framlög vegna nýbúafraeðslu 193 m.kr., framlög vegna Skólábúða að Reykjum 42 m.kr. Til annara framlaga á grundvelli 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er áætlað að verja samtals 48 m.kr. Bundið framlag til Sambandsins nemur um 137 m.kr. Óviss útgjöld nema 40 m.kr. Eftirstöðvar af ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til reksturs grunnskóla renna til almennra framlaga samtals að fjárhæð 5.603 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að drög að greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu grunnskólans á árinu 2014 væri samþykkt.

FRAMLÖG VEGNA ÍSLENSKUKENNSLU NÝRRA ÍSLENDINGA

Viðmiðunarfjárhæð 2014

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að um óbreytta viðmiðunarfjárhæð vegna greiðslu framlaganna væri að ræða á árinu 2014 eða 120.000 kr. á nemanda.

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2014.

Fram kom að verkefnastjóri og kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu hafi sent inn umsóknir frá sveitarfélögum vegna 1.486 nýrra Íslendinga sem njóta sérstakrar íslenskukennslu skólaárið 2013-2014. Þar af eru 46 nemendur sem ekki eru komnir með kennitölu eða eru hælisleitendur. Fjórum nemendum, sem eru komnir af grunnskólaaldri, fylgja greinargerðir um hvers vegna þeim hefur verið seinkað í námi og mælist verkefnastjóri til þess að þær verði teknar til greina. Átján sveitarfélög hafa ekki sótt um framlag en þar af eru 2 sveitarfélög sem sóttu um í fyrra og verður haft samband við þau sérstaklega.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að 1.502 nemendur væru lagðir til grundvallar að tillögu að úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2014. Að teknu tilliti til viðmiðunarfjárhæðar á nemanda að fjárhæð 120.000 kr. nemur áætlunin samtals um 180,2 m.kr.

Við tillögugerð að áætlaðri úthlutun framlaganna til Mosfellsbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps, viku nefndarmennirnir Bryndís Haraldsdóttir, Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

ÖNNUR FRAMLÖG

Íþyngjandi kostnaður við rekstur grunnskóla 2012

Árneshreppur

Á grundvelli 2. töluliðar 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla umfram þær tekjur sem sveitarfélögum voru tryggðar með hækkuðu útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði í kjölfar yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996.

Lagðar voru fram til kynningar umsóknir Árneshrepps, dags. 26. september 2013 og Breiðdalshrepps, dags. 18. september 2013 um önnur framlög vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2012.

Þegar fyrir liggja útsvarstofnar sveitarfélaga fyrir árið 2012, verða umsóknirnar teknar til afgreiðslu.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

VIÐBÓTARFRAMLAG ÚR FASTEIGNASJÓÐI Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Með minnisblaði, dags. 8. október 2013, óskaði ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eftir því við ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs að nefndin mundi kanna möguleika á því að úthlutað væri viðbótarframlagi úr Fasteignasjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árinu að fjárhæð allt að 116,6 m.kr. til að unnt væri að koma til móts við þau þjónustusvæði/sveitarfélög þar sem hlutfallsleg lækkun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk er hvað mest milli áranna 2012 og 2013.

Fram kom að ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins hafi samþykkt að leggja til að beiðni ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um viðbótarframlag að fjárhæð allt að 116,6 m.kr. væri tekin til greina.

Fjárhæðin kemur til greiðslu þegar fyrir liggur niðurstaða hvað varðar mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að neikvæðum áhrifum reglugerðar nr. 623/2013 á úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013, sbr. heimild í 5. gr. reglugerðarinnar.

ENDURSKOÐUÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2013

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks á árinu 2013.

Fram kemur í tekjuhlið áætlunarinnar að bein framlög frá ríki nemi 856,0 m.kr. Áætluð framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 416,6 m.kr. Þar meðtalið er nýsamþykkt framlag að fjárhæð allt að 116,6 m.kr. Áætluð 0,95% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars nemur 9.552,5 m.kr. Óhafin framlög frá fyrra ári nema 181,1 m.kr. Áætlað ráðstöfunarfjármagn nemur samtals 10.973,1 m.kr. að teknu tillit til skuldar að fjárhæð 33,1 m.kr. vegna fyrirframgreiðslu framlaga í janúar 2011.

Í gjaldahlið áætlunarinnar kemur fram að framlög vegna breytingakostnaður og notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar nema samtals 586,1 m.kr. Framlög vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanema, ásamt framlögum vegna helgar- og sumardvalar að Melgerði, í Reykjadal og að Laugalandi í Holtum nema samtals 119,0 m.kr. Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 390,0 m.kr. Eftirstöðvar af ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til verkefnisins renna til almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu og leiðréttingar þeirra framlaga vegna ársins 2011 eða samtals 9.878,0 m.kr. Framlög samtals nema því 10.973,1 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2013 væri samþykkt.

DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks á árinu 2014.

Á árinu 2014 falla beinu framlögin vegna yfirfærslunnar niður en í stað þess fær sjóðurinn aukna hlutdeild í álagningarstofni útsvars sem nemur 0,99% í stað 0,95%.

Með tilvísun til þessa kemur fram í tekjuhlið áætlunarinnar að áætluð framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemi 300,0 m.kr. á árinu og 0,99% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars nemi 10.345,0 m.kr. Áætlað er að óhafin framlög frá fyrra ári nemi 220,0 m.kr. og ráðstöfunarfjármagn sjóðsins því samtals 10.865,0 m.kr.

Í gjaldahlið áætlunarinnar kemur fram að ýmiss kostnaður vegna yfirfærslunnar og framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar nemi samtals 270,0 m.kr. Framlög vegna Lengdrar viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanema ásamt framlögum vegna helgar- og sumardvalar að Melgerði, í Reykjadal og að Laugalandi í Holtum nemi samtals 121,0 m.kr. Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 409,0 m.kr. Áætlaðar eftirstöðvar af ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til verkefnisins á árinu renna til almennra framlaga vega þjónustu við fatlað fólk á árinu og leiðréttingar þeirra framlaga vegna ársins 2012 eða samtals 10.065,0 m.kr. Framlög samtals nema því 10.865,0 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að drög að greiðslu og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2014 væri samþykkt.

ÖNNUR MÁL

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012 var lagður fram til kynningar.

Fundir ráðgjafarnefndar á næstunni

Lagt var til að tímasetningar funda ráðgjafarnefndar á næstunni yrðu sem hér segir:

- Fundur ráðgjafarnefndar 26. október 2013 – Áætlanir um úthlutun framlaga 2014.
- Fundur ráðgjafarnefndar 29. nóvember 2013 – Tilfallandi erindi og fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa .
- Fundur ráðgjafarnefndar 13. desember 2013 – Uppgjör framlaga ársins.

Með tilvísun til þessa verður næsti fundur nefndarinnar kl. 11:00 þann 26. október nk.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:00.

Halldór V. Kristjánsson